

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Kerið, L172724, skilmálabreytingar, lóðabreytingar og breytt byggingarmagn.

Um er að ræða breytt deiliskipulag sem tekur til Kersins 1, L172724. Í breytingunni felst að lóð nr. 2 er felld niður og stærð og staðsetning lóða nr. 1 og 3 breytist. Einnig breytist og stækkar byggingarreitur á lóð nr. 1. Byggingarmagn á lóð nr. 1 eykst um 250 fm, úr 1.000 fm í 1.250 fm. Hámarkshæð byggingar hækkar úr 6 m í 8,5 m.

Samþykkt í sveitarstjórn 27. júní 2025.

Deiliskipulag, Minna-Mosfell, L168262, Öldusteinstún - frístundabyggð.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til hluta frístundasvæðis F82 í landi Minna-Mosfells. Um er að ræða 1. áfanga af fjórum innan skipulagssvæðisins. Gert er ráð fyrir skilgreiningu á 21 lóð í fyrsta áfanga á bilinu 7.234 fm til 9.949 fm að stærð. Innan hverrar lóðar er gert ráð fyrir heimild fyrir frístundahúsi auk þess sem heimilt er að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús innan byggingarreits og hámarksnýtingarhlutfalls 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 27. júní 2025.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. september 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 30. september 2025